

# Opinn aðgangur að vísindaþekkingu

## Vísindastarf

### Njörður Sigurjónsson

Lektor í menningar-  
stjórnun við Háskólann  
á Bifröst



Aðgangur almennings að vísindapekkingu og nýjustu niðurstöðum rannsókna er mjög takmarkaður og þarf að greiða þarf háar fjárhæðir fyrir einstakar greinar eða tímarit sem geyma þessa þekkingu. Sem dæmi má taka að ef ég eða nákominn ættingi greinist með krabbamein, þarf ég að greiða hundruð dollara fyrir aðgang að vefsíðum sem geyma nýjustu rannsóknir vísindamanna á sjúkdómnum.

Opinn aðgangur er hugtak sem merkir að útgefið efni sem er afrakstur vísindastarfs, og oftar en ekki er kostað af opinberu fé, háskólunum eða samkeppnissjóðum, er aðgengilegt öllum á rafrænu formi. Yfirleitt er um að ræða ritrýndar greinar ritaðar af

háskólamenntuðum fræðimönnum sem þiggja laun eða styrki til þess að stunda rannsóknir sínar og fræðistörf, en síðan þarf að greiða sérstaklega fyrir að fá að lesa greinarnar í alþjóðlegum tímaritum. Með opnum aðgangi er reynt að tryggja að almenningur þurfi ekki að greiða þriðja aðila eða „aftur“ fyrir vinnuna.

Vísindamenn hafa helst tvær leiðir til þess að greinar þeirra birtist í opnum aðgangi: að gefa út í tímariti sem er opið eða senda greinina í opið varðveislusafn jafnframt því sem hún birtist í hefðbundnu tímariti. Báðar leiðir, stundum kallaðar gullna og græna leiðin, tryggja það að greinin er aðgengileg á rafrænu formi en takmarka hvorki höfundar- eða útgáfuréttindi miðað við útgáfu í hefðbundnum tímaritum. (Ekki er rúm til þess að skýra allar efnislegar hliðar þessa máls í stuttum pistli en áhugasömum er bent á nýstofnaða síðu áhugahóps um málið [openaccess.is](http://openaccess.is).)

Opinn aðgangur tryggir almenningi, nemendum, og öðrum vísindamönnum aðgengi að nýjustu þekkingu, óháð staðsetningu og fjárhag. Opinn aðgangur er þannig lýðræðis og réttlætismál, á sama tíma og þekkingin er eflað því hún er þess konar auðlind sem eykst eftir því sem hún er notuð víðar og meira. Þannig eflist nýsköpun og tækniþróun einnig fyrir sömu krafta.

Nauðsynlegt er að háskólastofnanir á Íslandi komi sér saman um stefnu varðandi opinn aðgang að útgefnum vísindaefni. Flestir háskólar í löndunum í kringum okkur vinna að eða hafa komið sér upp markmiðum varðandi opinn aðgang, samkeppnissjóðir og útgefendur eru að vinna að sínum hliðum málsins, og menntamálayfirvöld hafa einnig látið málið til sín taka. Það stendur þó upp á háskólana á Íslandi að taka af skarið og leiða umræðu um mál sem stendur þeim og þeirra samfélagslega tilgangi næst.